

Nr. 125 / 13 Straumur SU 14***Eldur í vélarrúmi og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6978
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 4,98 brl. 3,97 bt.
Mesta lengd: 8,55 m Skráð lengd: 7,61 m
Breidd: 2,21 m Dýpt: 1,58 m
Vél: Vetus 106 kW 1999
Fjöldi skipverja: 1



Straumur ©Skip.is

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. ágúst 2013 var Straumur SU 14 á siglingu til hafnar á Stöðvarfirði. Veður: NA gola.

Þegar báturinn var staddur um 6 sml SA af Kambanesi varð skipstjórinn var við eld í vélarrúmi og stöðvaði vélina. Hann lokaði strax fyrir loftsteymi að vélarrúminu og hleypti af slökkvimiðli í það og óskaði aðstoðar.

Eldurinn slökknaði fljótlega en báturinn varð vélarvana. Kom Gola SU 21 á staðinn og dró Straum SU til Stöðvarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að gúmmíslefrör á vélinni losnaði vegna titrings og olía ýrðist yfir pústkerfið þannig að eldur varð laus í kili undir vélinni;
- að nokkrum dögum áður hafði lítið gat komið á slefrörið og var þá fært upp á því og fest aftur. Það mátti ekki við því með tilliti til titringsins en þessi viðgerð átti að vera til bráðabirgða;
- að í stað gúmmíflagnarinnar var sett rör úr plexíplasti.

Nefndarálit:

Orsök eldsins má rekja til styttingar og titrings á slefrörinu.